

AUGLÝSING

60

10. sept.

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Ísrael.

Hinn 18. maí 1953 var undirritaður í Stokkhólmi viðskiptasamningur milli Íslands og Ísrael. Samtímis var undirritaður greiðslusamningur milli þessara landa.

Samkvæmt samningum þessum er gert ráð fyrir jafnvirðis kaupum milli landanna. Ísraelsmenn munu aðallega kaupa frystan fisk, en Íslendingar eiga kost á að kaupa þær vörur á móti, sem Ísrael flytur út, og eru ekki bundnar við kaup á ákveðnu magni eða vörutegundum.

Samningar þessir gengu í gildi við undirskrift, og gilda í eitt ár. Þeir gilda síðan áfram eitt ár í viðbót, nema annar hvor samningsaðilji segi þeim upp með mánaðar fyrirvara.

Dr. Helgi P. Briem, sendiherra, undirskrifaði samningana fyrir Íslands hönd, en dr. Avraham Nissan, sendiherra, fyrir Ísrael.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. september 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.

AUGLÝSING

61

10. sept.

um viðskiptasamkomulag milli Íslands og Póllands.

Hinn 23. febrúar 1953 var undirrituð í Varsjá bókun um viðskipti Íslands og Póllands á árinu 1953, á grundvelli viðskiptasamningsins milli Íslands og Póllands frá 18. nóvember 1949.

Samkvæmt bókun þessari er gert ráð fyrir því, að á tímabilinu frá 23. febrúar 1953 til ársloka þ. á., verði heimilaðar sölur til Póllands á allt að 2000 smálestum af fiskimjöli, allt að 120 smálestum af söltuðum gærum og á saltsild og frystri sild fyrir allt að 225 000 sterlingspund.

Á móti er gert ráð fyrir því, að á sama tíma verði keypt frá Póllandi kol, vefnaðarvörur, kartöflumjöl, sikoríurætur, postulíns- og glervörur, járnvörur, eldspýtur o. fl.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 10. september 1953.

Bjarni Benediktsson.

Magnús V. Magnússon.